

Case Study

Saga RAI

Heilbrigðisráðuneyti Íslands hefur í samvinnu við Landlæknisembættið og Stika staðið að þróun á hugbúnaði fyrir heilbrigðisþjónustu, svokölluðum RAI-kerfum. Kerfin eru byggð á RAI-aðferðafræði, sem stendur fyrir Residential Assessment Instrument.

Aðferðin varð til í Bandaríkjunum fyrir um 16 árum en hefur síðan verið þýdd og staðfærð víða um heim í fjölbjóðlegu samstarfi sem nefnist Inter-RAI. Þátttaka Íslands í þessu samstarfi hófst 1993. Notkun aðferðarinnar er háð höfundarrétti en Heilbrigðisráðuneytið hefur gert samning við Inter-RAI sem heimilar Stika notkun RAI-aðferðarinnar í þessum nýju upplýsingakerfum. Þau RAI-kerfi sem Stiki hefur þróað eru:

- **RAI-NH (Rai Nursing Home). RAI**

Hjúkrunarheimilismat hefur verið í rekstri hjá hjúkrunar og dvalarheimilum um land allt síðan árið 2001.

- **RAI-HC (Rai Home-Care)**

RAI heimaþjónustumat var tekið í rekstur árið 2005 hjá Heilsugæslunni í Reykjavík og Velferðarsviði Reykjavíkurborgar.

- **RAI-MH (Rai Mental Health)**

RAI geðheilbrigðismat er í þróun, en áætlað er að það fari í rekstur hjá LSH í kring um áramótin 2006/2007.

- **RAI-PAC (Rai Post Acute Care)**

RAI öldrunarþjónustumat er í þróun, en áætlað er að það fari í rekstur hjá LSH í kring um áramótin 2006/2007.



Vaxandi kostnaður heilbrigðiskerfisins

“Mikilvægt kerfiltæki til bestunar á heilbrigðisþjónusu á ýmsum sviðum” – segir Siv Friðleifsdóttir, heilbrigðis- og tryggingamálaráðherra, en ráðuneytið hefur stýrt innleiðingu á RAI-upplýsingakerfum og samtengingu heilbrigðisstofnana í svokallað heilbrigðisnet.


Upplýsingar frá OECD sýna að heildarútgjöld einstakra ríkja til heilbrigðismála sem hlutfall af vergri þjóðarframleiðslu fer vaxandi ár frá ári. Þetta er stærsti kostnaðarliður hins opinbera í flestöllum löndum.

Upplýsingatækni er lykilstoð í íslensku heilbrigðisþjónustu og er markvisst beitt til að bæta gæði þjónustu og draga úr kostnaði.

Sunnuhlíð

Sunnuhlíð er hjúkrunarheimili aldraðra í Kópavogi, að Sunnuhlíð standa 11 félag og klúbbar í Kópavogi, oftast nefnd Sunnuhlíðarsamtökin. Markmið Sunnuhlíðar er að vera ávallt í fremstu röð hjúkrunarheimila í landinu hvað varðar þjónustu við íbúa, aðbúnað þeirra og starfsfólks. Öll hjúkrun miðast við að styrkja heimilisfólk til sjálfshjálpar en þeir njóti aðstoðar þar sem getu sleppir, með áherslu á að virða sjálfræði einstaklingsins. Þannig er leitast við að mæta hverjum og

Útgjöld til heilbrigðismála



Myndin sýnir útgjöld ríkja innan OECD til heilbrigðismála sem hlutfall af vergri þjóðarframleiðslu.

einum þar sem hann er staddur. Áhersla er lögð á að skapa heimilislegt andrúmsloft með vellíðan og öryggi hvers íbúa að leiðaljósi, að auðvelda heimilismönnum að aðlagast breyttum aðstæðum með því m.a. að leggja áherslu á samvinnu og stuðning við fjölskyldur heimilisfólks. Hjúkrunin sé þannig veitt af faglegri þekkingu og ábyrgð með reglulegu mati á gæðum umönnunar.

Íbúar eru 73 á fjórum deildum, þar af ein fyrir mikið minnisskerta einstaklinga.

Á heimilinu starfa um 140 manns í 77 stöðugildum.

Notkun á RAI mati á hjúkrunarheimilum

Sunnuhlíð eins og önnur hjúkrunarheimili á Íslandi er samkvæmt reglugerð frá Heilbrigðis- og tryggingamálaráðuneytinu skyldt að meta íbúa sína að lágmarki þrisvar sinnum á ári með RAI-NH mælitækinu. Auk þessara þriggja mata geta komið til viðbótar mót t.d. við komu nýrra heimilismanna eða vegna breytinga á ástandi heimilismanna á milli þessara þriggja matstímabila sem hjúkrunarheimilum er skylt að meta. Rai matið gerir okkur kleift að fylgjast mjög náð með heilsufari skjólstaðinganna og þeirri aðstoð og umönnun sem hver og einn þarf. Matið gefur upplýsingar um þyngdarstuðul umönnunar, vísbendingar um gæði þeirrar þjónustu sem veitt er, matslykla til að greina möguleg vandamál eða viðfangsefni ásamt ýmsum öðrum hagnýtum upplýsingum um skjólstaðinganna t.d með svonefndum RAI-kvörðum. Þeir RAI-kvarðar sem hægt er að kalla fram eru lífskvarði, ADL kvarðar, verkjaskali, vitrænn kvarði, þunglyndiskvarði og virkni kvarði.

Notgildi upplýsinga sem fást úr RAI-mati

Niðurstöður úr matinu eru nýttar við gerð hjúkrunaráætlunnar bæði út frá gæðastuðlum, matslyklum og þyngd umönnunar. Sömuleiðis nýtast þessar upplýsingar líka vel í gæðaumbótaverkefnum og við gerð vinnuferla og við mat á hvernig til tekst með slíkt. Þar geta stofnanir borið sig saman við landsmeðaltal og sömuleiðis geta deildir innan sömu stofnanna borið sig saman. Þannig eykur tækið möguleika heimilismanna á betri þjónustu og meiri vellíðan við dvöl á hjúkrunarheimili auk þess sem heilbrigðisfyrirvöld geta fylgst með þjónustu og gæðum umönnunar á stofnunum. Rai matið nýtist stjórnendum vel til að hafa yfirsýn yfir þá þjónustu sem veitt er og gæði hennar, heilsufar skjólstaðingana, þyngd deilda og heimilisins og til samanburðar við önnur hjúkrunarheimili. RAI matið getur stuðlað að meiri hagkvæmni í rekstri meðal annars varðandi mönnunarþörf m.t.t. til umönnunarþyngdar og með þeim vísbendingum sem það gefur varðandi gæði, því auknum gæðum fylgir oft minni kostnaður fyrir heimilið. Legusárum fylgir t.d. dýr meðferðarkostnaður, og sama má segja með þvagleka o.fl..

Samvinna við Stika

Frá upphafi hefur samvinnan við Stika verið sérlega góð. Við þróun tölvukerfisins voru starfsmenn Stika í sambandi við þá sem nýta kerfið og tekið var tillit til þeirra athugasemda við þróun hugbúnaðarins.

RAI í rannsóknarskyni

Nú eru til á Íslandi RAI gögn um áratug aftur í tíman sem eru ómetanleg í rannsóknarskyni, þessi gögn geta því notast bæði í aftur og framvirkar rannsóknir ásamt því að rannsaka stöðu ákveðina mála á hverjum tíma. Við rannsóknir eru gögnin notuð á ópersónugreinanlegu formi. Nú þegar hafa nokkrar rannsóknir byggðar á gögnum RAI-NH kerfisins verið unnar. Dagmar Huld, hjúkrunarforstjóri Sunnuhlíðar, vann til að mynda slíka rannsókn. Úrtakið (N=1825) voru þeir heimilismenn sem voru metnir með RAI-mælitækinu haustið 2004. Tilgangur og markmið rannsóknarinnar var að lýsa virkni til dægrastyttingar hjá skjólstaðingum hjúkrunarheimila með tilliti til líkamlegrar og andlegrar færni. Niðurstöður rannsóknarinnar geta nýst hjúkrunarheimilum vel við skipulagningu virkni til dægrastyttingar á heimilunum bæði með tilliti til mismunandi hópa varðandi getu, umönnunarþarfar og mismunandi óska varðandi dægrastyttingu.

Hámörks öryggi

Gögn skráð í RAI kerfunum eru viðkvæmar persónu-upplýsingar. Því hefur þess verið gætt í hvívetna að tryggja öryggi gagnanna.

Stiki hýsir gagnagrunna RAI-NH og RAI-HP kerfanna. Öryggi upplýsinga í vörslu Stika skiptir höfuðmáli. Allar tengingar inn í gagnagrunninn eru öruggar og dulkóðaðar. Einnig er vandað aðgangsstjórnunarkerfi í notkun sem tryggir að notendur kerfanna fá einungis aðgang að sínum eigin upplýsingum.

Stiki þekkir af eigin reynslu þær ógnir sem geta steðjað að upplýsingum og vill hámarka öryggi eigin upplýsinga og upplýsinga í okkar vörslu. Stiki lýtur stjórnkerfi upplýsingaöryggis samkvæmt öryggisstöðlum ISO 17799 og ISO 27001 og er öryggisvottað samkvæmt ISO 27001 af Bresku staðlastofnuninni.



Stiki ehf.

Sidumuli 34, IS-108 Reykjavík, Iceland

Tel. +354 570 0600, Fax +354 570 0601

www.stiki.eu - stiki@stiki.eu

STIKI operates an Information Security Management System and a Quality Management System that fulfills the requirements of the standards ISO 27001 and ISO 9001 as certified by the British Standards Institution, BSI.

